

Sólheimar

ART-is



Höfundar myndverks: Högni Guðlaugur Jónsson og Sigmundur Örn Sveinsson



Gott orðspor gulls ígildi

Markmið verkefnisins ART-is var skýrt: Að stuðla að sjálfsþekkingu einstaklinga með sérþarfir og gera verk þeirra og líf sýnilegt í gegnum listirnar. Lárus Sigurðsson, ábyrgðarmaður verkefnisins hjá Sólheimum í Grímsnesi segir tilgang þess einnig hafa verið að vekja athygli á stöðu og virkni fatlaðra í samfélaginu og veita þeim tækifæri til listrænnar tjáningar í alþjóðlegu umhverfi. Þátttakendur frá átta löndum komu að verkefninu en þeir voru allir á vegum samtaka sem vinna með fólki með fatlanir eða sérþarfir.

„Þeir einstaklingar frá Sólheimum sem tóku þátt fengu kjörið tækifæri til að eiga samskipti við aðra erlenda þátttakendur og sjaldnast var tungumálið nokkur fyrirstaða, sem kom oft skemmtilega út,“ segir Lárus. „Það var órjúfanlegur hluti af ferlinu að koma fram og sýna listsköpun sína þangað til lokauppskeruhátíðin var haldin á Möltu þar sem afrakstur ART-is ferlisins var kynntur og sýndur opinberlega.“

Lárus segir það krefjast ákveðinna hæfileika og viljastyrks að standa á sviði í framandi landi og sýna verk sín frammi fyrir áhorfendum og að hinir fötluðu þátttakendur verkefnisins hafi leyst það óaðfinnanlega. Telur hann verkefnið ekki síður hafa verið lærdómsríkt fyrir starfsfólk enda hafi það byrjað með tvær hendur tómar árið 2013 og staðið uppi með fullmótaða listahátíð tveimur árum síðar.

„Það ferli kenndi okkur margt varðandi fagleg vinnubrögð, skipulagningu, samskipti og listræna tjáningu í alþjóðlegu en jafnframt krefjandi umhverfi. Sólheimar sem samfélag hefur óneitanlega aukið hróður sinn á alþjóðlegum vettvangi eftir þetta og fékk hrós fyrir þátttöku sína og innlegg.“

Sólheimar hafa nú þegar fengið alls fjórar beiðnir um frekara samstarf frá öðrum þátttakendum í verkefninu og má greina nokkuð stolt í orðum Lárusar sem segir gott orðspor að sönnu vera gulls ígildi í alþjóðlegu samstarfi.

„Þegar öllu er á botninn hvolft þá stendur eftir hversu áhrifarík öll listræn tjáning er fyrir einstaklinginn og hversu mikið gildi hún hefur fyrir sjálfsþroska og sjálfstraust hans. Það er kjarni þessa ART-is verkefnis og sú hugsjón sem lagt var upp með, frá upphafi til enda.“

Ýmis samskiptaform voru nýtt við framkvæmd verkefnisins en Lárus segir Facebook hafa reynst heillavænlegasta og að allt sem viðkomi ART-is megi kynna sér á www.facebook.com/ArtIsEuropeProject.



Þegar öllu er á botninn
hvolft þá stendur
eftir hversu áhrifarík
öll listræn tjáning er